

Reykjavík, 6. október 2023
PON23010028

Svar

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Karen María Jónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um starfsfólk Borgarskjalasafns.

Á fundi borgarráð þann 9. mars 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 30 lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Mikilvægt er að starfsfólk Borgarskjalasafnsins haldi sinni stöðu næstu fjögur árin enda mikilvægt að ekki myndist upplýsingagjá komi til flutnings safnsins. Mikilvægt er að þekking á safnkosti safnsins haldi sér við allar breytingar sem kunna að verða á starfsemi þess. 1. Munu borgarskjalavörður og starfsmenn Borgarskjalasafnsins halda sinni stöðu næstu fjögur árin? 2. Hvernig verður þjónustu- og eftirlitshlutverki safnsins háttað næstu fjögur árin?

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar í stafrænu ráði þar sem henni var vísað áfram til Þjónustu- og nýsköpunarsviðs til umsagnar, með bréfi dagsettu þann 14. apríl 2023.

Svar:

Munu borgarskjalavörður og starfsmenn Borgarskjalasafnsins halda sinni stöðu næstu fjögur árin?

Eins og fram kemur í skýrslu KPMG sem hér er vísað í, er á forsendum á útreikningum gert ráð fyrir launakostnaði sem samsvarar þeim stöðugildum sem í dag eru samþykkt þangað til formlegri yfirfærslu verkefna og þjónustu til Þjóðskjalasafns er lokið eða í allt að fjögur ár.

Hvernig verður þjónustu- og eftirlitshlutverki safnsins háttað næstu fjögur árin?

Þjónustunni verður áframhaldið en ganga má út frá því Þjóðskjalasafns taki með tímanum við þeim hlutverkum sem hér um ræðir, einu af öðru, og sinni því lögum samkvæmt.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Karen María Jónsdóttir,

skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra